



Bættur námsárangur á Austurlandi

Vegna lestrarskimunar (Logos) og stærðfræðiskimunar (Talnalykill) í 6. bekk á Austurlandi - Dagana 5. – 21. október 2015

Til skólastjórnenda, deildarstjóra sérkennslu og viðkomandi umsjónarkennara.

Eins og skólastjórnendur og kennarar vita hefja leik- og grunnskólar á Austurlandi áttak í haust til að efla lestur og stærðfræðipækingu barna í fjórðungnum. Verkefnið hefur hlotið nafnið Bættur námsárangur á Austurlandi og er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er til að byrja með á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Skimun eftir lestrar- og stærðfræðierfiðleikum hjá nemendum í 6. bekk verður lögð fyrir í skólunum í október. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimanirnar fyrir.

Í **lestri** verður skimað með ákveðnum hlutum prófins Logos¹ fyrir nemendur.

Athugaður verður:

Leshraði - lestrarnákvæmni

Lesskilningur

Lestur með hljóðaðferð

Lestur út frá rithætti

Stafsetning

Niðurstöður skimunar sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Í **stærðfræði** verður skimað eftir erfiðleikum í reikningsaðgerðunum fjórum með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun. Það er hópskimun (lögð fyrir alla nemendur í einu), sem tekur u.þ.b. 40 – 50 mínútur. Nemendur sem eru undir 70%, þurfa aukna þjálfun í stærðfræði.



¹ Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendur til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendur sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.

Niðurstöðum beggja skimananna verður skilað til skólastjóra, umsjónarkennara og sérkennara á sérstökum fundi, þar verða einnig ígrundaðar leiðir til að vinna með þá nemendur sem koma illa út úr skimuninum. Í framhaldi af fundinum fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri, stafsetningu og reikningsaðgerðunum fjórum.

Gátlisti

Þar sem um er að ræða **tvær** skimanir sem eru bæði hóp- og einstaklingsskimanir er mjög mikilvægt að stjórnendur og/eða viðkomandi umsjónarkennarar undirbúi heimsókn kennsluráðgjafa vel. Því biðjum við ykkur að hafa í huga eftirfarandi **gátlista**.

- ✓ Dagsetningu heimsóknar (Athugið að í stærri skólum eru tveir - þrjú dagar teknir í skimanir).
- ✓ Skólastjórnendur sendi foreldrabréf (varðandi skimanirnar) tímanlega til foreldra. Bréfin hafa verið send skólastjórnendum en eru einnig inn á heimasíðu Skólaskrifstofunnar.
- ✓ Nafnalisti með **fæðingardegi** og heimilisfangi nemenda tilbúinn.
- ✓ Aðgangur að stundaskrá og stofutöflu viðkomandi bekkjar.
- ✓ Ritari viðkomandi skóla verði settur inn í málin og aðstoði kennsluráðgjafa við „að sækja nemendur“, ef þess þarf.
- ✓ Ræða við nemendur um mikilvægi þess að mæta í skólann viðkomandi dag.
- ✓ Stafsetningarhlutinn er lagður fyrir allan nemendur í einu (15 – 20mínútur).
Mikilvægt er að kennsluráðgjafi geti lagt þann hluta fyrir í **byrjun skimunar**. Því er biðlað til ykkar um að gera undanþágu ef hópurinn er t.d. tvískiptur og/eða í verklegum greinum.
- ✓ Þegar stafsetningarhlutanum er lokið er **hópskimunin** í **Talnalykli** lögð fyrir (40 – 50 mín).
- ✓ Búið verði að raða borðum „einstaklingslega“ (í heimastofu) daginn áður, svo að stafsetningarhlutinn og Talnalykillinn taki sem minnsta tíma.

- ✓ Aðstaða fyrir kennsluráðgjafa til að leggja fyrir einstaklingsskimunina (í LOGOS) verði til staðar. Í stærri skólunum koma tveir kennsluráðgjafar og því þarf tvær stofur í þeim tilvikum.
- ✓ Ekki er gert ráð fyrir frímínútum eða löngum matartímum.
- ✓ Gert er ráð fyrir að ljúka við skimanir í hverjum skóla samkvæmt skipulagi því verður unnið að skimunum eins lengi og hægt er fram á skóladaginn.
- ✓ Í flestum tilvikum byrja skimanir kl. 8:00. Haft verður samband við skólastjórnendur þeirra skóla þar sem annað verður ákveðið.

Með bestu kveðjum,

Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi

Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi

Halldóra Baldursdóttir talmeinafræðingur

Skólaskrifstofu Austurlands